

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

1. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið og bókun 1 við EES-samninginn.

- a. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar undanþágur, almenn rekstrarskilyrði, vörsluaðila, vogun, gagnsæi og eftirlit. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 437-531.
- b. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/514 um upplýsingar sem lögbærum yfirvöldum ber að veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni skv. 3. mgr. 67. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 535-542.
- c. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 447/2013 um að koma á málsmeðferð fyrir rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem velja að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB taki til þeirra. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 543-544.
- d. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1618 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013 að því er varðar varðveisluskyldur vörsluaðila. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 5 frá 30. janúar 2020, bls. 622-626.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2016 frá 30. september 2016 um upptöku reglugerða skv. a-c-lið 1. mgr. í IX. viðauka (frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 13 frá 23. febrúar 2017, bls. 36.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 308/2019 frá 13. desember 2019 um upptöku reglugerðar skv. d-lið 1. mgr. í IX. viðauka (frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 14 frá 5. mars 2020, bls. 67.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3., 6., 7., 15., 19., 22.-30., 32., 36.-39., 41.-43., 45., 47.-49., 62., 64., 110. og 117. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 3. júní 2020.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Elisabet Júlíusdóttir.